

Alþingi
Erindi nr. P 141/1261
komudagur 21. 12. 2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. desember 2012

Efni: Umsögn um 468. mál. ráðstafanir í ríkisfjármálum (vörugjöld á bílaleigur)

Við þökkum fyrir að fá að mæta fyrir nefndina.

Þær tillögur sem nú liggja fyrir valda því að minni aðilar fá minni afslátt (ívilnun) á hverja bifreið og þannig er aðilum á markaði mismunað eftir fjölda bifreiða í rekstri. Samkeppnisstaðan er því ekki jöfn sökum mismununar af hálfu hins opinbera.

Til að skýra þá mismunun sem af tillögunni leiðir leggjum við fram dæmi. Dæmið er m.v. endanlegar breytingar laganna, sem taka gildi frá 1.1.2014.

Minni leiga sem vill endurnýja 20 bíla á ári þarf að greiða 87.500.- kr á hvern bíl til að geta notið lægri vörugjalda en sú upphæð er í tilfelli lítið mengandi bíla hærri heldur en sú vörugjöld sem falla á bílinn og ívilnunin gagnast þeim því ekki.

Meðalstór leiga sem endurnýjar 80 bíla á ári greiðir 46.875.- kr á hvern bíl til að geta notið lægri vörugjalda. M.v. lítið mengandi bíl væru vörugjöld undir 80.000.- á hvern bíl og afslátturinn því mjög lítil.

Stór leiga sem endurnýjar 600 bíla á ári greiðir 11.250.- kr á hvern bíl til að geta notið lægri vörugjalda.

Munurinn fyrir minni leigu og stóra leigu á gjaldi því sem greiða þarf til að fá ívilnunina í dæminu hér að ofan er því margfaldur. Stór leiga greiðir rúmlega 7 falt minna á hvern bíl til að geta nýtt sér ívilnunina.

M.v. breytinguna vinna undanþáguflokkar ennþá gegn markmiðum vörugjalda á ökutæki sem hvetja til kaupa á bílum sem menga minna. Stóru aðilarnir munu því ennþá halda því áfram að kaupa dýra mikið mengandi bíla og selja þá með söluhagnaði að loknum þeim 15 mánuðum sem bílarnir þurfa að vera í notkun sem bílaleigubílar. Þó er tekið skref í rétta átt með því að setja þak á tollaafslátt, 750.000.- kr.

Tollar eru í flestum tilfellum notaðir til að stýra neyslu. Það er því mjög óeðlilegt að bílaleigur njóti afslátta af tollum með þeim hætti að markmið neyslustýringar hverfur. Til verður sá hvati að hagnaður af rekstri bílaleigu er ekki fengið með því að leigja út bíla heldur með því að selja þá að loknum 15 mánuðum með söluhagnaði. Slíkt skekkir allt samkeppnisumhverfi og hygglir sérstaklega aðilum í samstarfi við bílaumboð sem og þeim bílaleigum sem bílaumboðin eiga.

Með hagsmuni ferðaiðnaðarins og þjóðarbúsins að leiðarljósi leggjum við til, eins og fram kom í áður innsendri umsögn okkar, að fallið verði frá tollaafsláttum og í stað þeirra verði virðisaukaskattsstig af bílaleigum lækkað niður í 14% líkt og

tillögur gera ráð fyrir hjá hótélum og gístistöðum. Með þeirri aðgerð yrðu allir jafnir og vörugjöldin myndu stýra neyslunni og hvetja alla jafnt til að flytja inn lítið mengandi bíla.

Virðingarfyllst

fh. bílaleigunnar FairCar (Summus ehf., kt.: 5308070530)

Bjarki Hallsson

Bjarki Hallsson

Einar Hallsson

Einar Hallsson